

Umhverfisstofnun	
Áb. <i>HMJ</i>	
- 2. sep. 2011	
<i>10.4.2</i>	
Tilv.	

Landmótun ehf  
Óskar Örn Gunnarsson  
Hamraborg 12 5h  
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 1. september 2011  
UST20110800001/hmj

### Efni: Breyting á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018

Vísað er til erindis skipulagsráðgjafa Vesturbyggðar dags. 13. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu.

Sveitarfélagið Vesturbyggð vinnur nú að breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 sem nær til þéttbýlisuppráttar fyrir Patreksfjörð. Fyrir liggur tillaga að snjóflóðavörnum fyrir byggð undir Klifi. Fyrirhugað er að reisa 250 m langan þvergarð/varnargarð ofan byggðar milli Vatnseyrar og Grjóteyrar. Skipulagsbreyting felst aðallega í því að breyta þarf þéttbýlisupprætti þannig að áður skilgreint óbyggt svæði verður skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota.

### Athugasemdir Umhverfisstofnunar

Á skipulagssvæði eru hvorki svæði á náttúruminjaskrá, jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, né tegundir á valista. Að mati Umhverfisstofnunar eru umfangsmestu áhrif ofangreindrar skipulagsbreytingar þau sjónrænu áhrif sem hljótast munu af fyrirhuguðum varnargarði og minnir stofnunin í því samhengi á 35. gr. sömu laga um hönnun mannvirkja. Jafnframt ítrekar stofnunin mikilvægi þess að leitast verði við að græða upp svæðið með staðargróðri að framkvæmdum loknum. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við skipulagsbreytingarnar.

Virðingarfyllt

*Kristín L. Árnadóttir*  
Kristín L. Árnadóttir  
Forstjóri

*Halla M. Jóhannesdóttir*  
Halla M. Jóhannesdóttir